

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir árið 2024

Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2024-2026: Staða árangursmælikvarða.

Kjarnastarfsemi:

Árangursmælikvarðarnir eru fjórir; hlutfall nemenda sem útskrifast úr skólanum eftir 3,5 ár, auka nemendafjölda skólans, auka farsæld nemenda og inngilding nemenda.

Markmið 1 er að fjölga nemendum sem ljúka stúdentsprófi á 3,5 ári.

Staðan á árinu 2023 var þannig að 26% nemenda útskrifast eftir 3,5 ár sem var mun betri árangur en gert var ráð fyrir en stefnt er að því að hlutfallið verði 23% árið 2024.

Markmið 2 er að auka nemendafjölda.

Nemendafjöldi í skólanum að hausti var 260 árið 2023 en 259 árið 2024.

Nemendafjöldi stóð því nokkurn veginn í stað á milli ára. Markmið um aukinn nemendafjölda náðist ekki.

Markmið 3 er að auka farsæld nemenda.

Um er að ræða nýjan mælikvarða. Þar liggur til grundvallar mæling úr Skólapúlsi um líðan og sjálfsmynd ásamt talningu á fjölda þeirra sem taka þátt í félagslífi skólans.

Hlutfall nemenda sem líður vel eða mjög vel í skólanum er 76% árið 2024.

Hlutfall nemenda sem hefur ferkar jákvætt eða mjög jákvætt viðhorf til sjálfs sín er 70% árið 2024.

Þátttaka í viðburðum á vegum nemendafélagsins var 15% að meðaltali árið 2024.

Markmið 4 er inngilding.

Um er að ræða nýjan mælikvarða. Þar er mælt hversu stórt hlutfall nemenda á íslenskubraut og sérnámsbraut tekur áfanga utan brauta. Árið 2024 tóku 4% nemenda á þessum brautum áfanga utan brautar.

Rekstrarþættir:

Markmið 1 er að ný íslenskubraut verði sjálfbær.

Kostnaður sem felst í að koma nýrri braut af stað er mikill þar sem allir áfangar eru nýir og skortur er á kennsluefni. Áætlað er að kostnaður vegna nýrrar brautar sé 20% umfram nemanda í almennu námi. Ný braut var sett af stað í ágúst 2024 og hófu 17 nemendur nám á brautinni.

Markmið 2 er að sérnámsbraut verði sjálfbær.

Miklar þjónustuparfir eru hjá hluta nemenda á brautinni, 7 einstaklingsrými voru útbúin sumarið 2024 og hófu 2 nemendur nám um haustið. Kostnaður vegna verkefnisins er mikill og langt umfram fjárveitingar til skólans. Markmið ársins er að ná að hefja starfið á brautinni með viðunandi hætti og til lengri tíma að brautin verði sjálfbær með tilliti til fjárheimilda.

Aðrar mælingar:

Auk þessara rekstrarlegu mælikvarða þá fylgist skólinn með stöðu skólans í könnuninni „Stofnun ársins“, starfsmannaveltu og könnun á líðan starfsfólks. Markmiðið fyrir árið 2024 er að vera í 1.-10. sæti í könnuninni “Stofnun ársins” og að vera 1,4 yfir landsmeðaltali í Starfsmannapúlsinum.

Markmið ársins 2024 náðist ekki hvað varðar ”Stofnun ársins” þar sem skólinn varð í 52 sæti af 55 stofnunum í flokki lítilla stofnana

(starfsfólk 5-39) með heildareinkunn 3,68.

Á vorönn 2024 var Starfsmannapúlsinn lagður fyrir í skólanum og var svarhlutfallið 93%. Niðurstöðurnar úr könnuninni sýna að það er lítil ánægja hjá starfsfólki með stjórnendur, ánægja með starfsandann er minni en í síðustu könnun og skuldbinding til vinnustaðarins er minni.

Starfsmannavelta samkvæmt launabókhaldi er 0% (viðmið 2%). Fjöldi starfsfólks í árslok voru 42 í 37,6 stöðugildum. Karlar voru 10 og konur 32.

Nemendur

Fjöldi nemenda á árinu 2024 var 211 á vorönn og 256 á haustönn. Fjöldi nýnema sem koma í FMOS beint eftir 10. bekk var 62 haustið 2024.

Nám

Boðið er upp á nám á fjórum námsbrautum í skólanum,

framhaldsskólabraut, sérnámsbraut og þremur stúdentsbrautum.

Stúdentsbrautirnar eru félags- og hugvísindabraut, náttúruvísindabraut og opin stúdentsbraut. Á opinni stúdentsbraut er val um þrjú kjörsvið; almennt kjörsvið, hestakjörsvið, íþróttá- og lýðheilsukjörsvið. Framhaldsskólabrautin er ætluð nemendum sem koma beint úr grunnskóla og eru með slakan árangur í kjarnagreinum eða með stjörnumerktar einkunnir. Sérnámsbraut er ætluð nemendum með fötlunargreiningu og er skipulögð sem 7 - 8 anna nám.

Starfsfólk

Heildarstarfsmannafjöldi við lok árs 2024 var 42, fjölgað hefur um 6 starfmenn á árinu, starfsmannavelta er 0,0% samkvæmt launabókhaldi (Orra). Karlar eru 10 og konur 32.

Þrjár stjórnendur eru í skólanum á árinu, skólameistari, aðstoðarskólameistari,

áfangastjóri allir í 100% stöðu. Við skólann starfar einnig deildarstjóri sérnámsbrautar í hlutastarfi.

Tveir náms- og starfsráðgjafar eru starfandi við skólann í 125% stöðu.

Kennarar árið 2024 voru 26 og aðrir starfsmenn 16. Allir kennarar eru með kennsluréttindi og háskólamenntun í sinni kennslugrein og meirihluti þeirra með masterspróf. Breytingu á starfsmannafjölda má rekja til breytinga á samsetningu á nemendahópi þar sem við bættust nemendur með miklar þjónustuparfir auk nemenda á nýrri íslenskubraut.

Hugmyndafræði

Við skólann er stundað leiðsagnarnám þar sem má segja að kennsluaðferðirnar og námsmatið fléttist saman. Notaðar eru fjölbreyttar verkefna miðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat, og stundataflan er brotin upp með verkefnatímum þar sem kennarar eru til taks og nemendur stjórna sjálfir í hvaða verkefnatíma þeir mæta. Kennsluaðferðirnar miða að því að nemendur séu virkir þátttakendur í námi sínu og tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem þeir vinna. Kjarninn í hugmyndinni er að nemendur fá tækifæri til að ræða námsefnið og verkefnið við kennarana sína og fá síðan umsagnir sem leiða þá áfram, bæði skriflegar og munnlegar. Vinna nemenda er metin jafnt og þétt og ekkert prófatímabil er í lok annar.

Mosfellsbær, 30.04.2026

Kristján Arnar Ingason, skólameistari

Bergþóra Hlín Arnórsdóttir, aðstoðarskólameistari